

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 297/2023**

**frá 27. október 2023**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1562 frá 27. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32fhd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 D 1562:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1562 frá 27. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 190, 28.7.2023, bls. 13).“

*2. gr.*

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2023/1562, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 190, 28.7.2023, bls. 13.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*